



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3 Sólin	11
3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári.....	11
3.2 Innra mat Sólarinnar.....	12
4 Lautin	14
4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lautinni um starfið á síðasta ári	14
4.2 Innra mat Lautin	15
5 Fjallið	17
5.1 Stutt greinargerð deildastjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári.....	17
5.2 Innra mat Fjallið.....	17
6 Lindin	20
6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári.....	20
6.2 Innra mat Lindarinnar.....	21
7 Stjarnan	23
7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári.....	23
7.2 Innra mat Stjörnunnar	25
8 Meistarar	27
8.1 Stutt greinargerð verkefnastjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári.....	27
8.2 Innra mat frá verkefnastjóra elstu barna	28
9 Listasmiðja.....	29
9.1 Stutt greinargerð frá verkefnisstjóra í Listasmiðju	29
9.2 Innra mat frá verkefnisstjóra í Listasmiðju.....	29
10 Innra mat sérkennslu.....	30
11 Innra mat – fjöltyngd börn	34



12	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	36
13	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	37
14	Foreldrasamvinna.....	37
15	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
16	Fylgigögn.....	40
16.1	Skólaheimsóknir skólaárið 2021-2022	40
16.2	Skóladagatal 2022 – 2023.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
16.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði ágætlega, við höldum tímaáætlun með aðlögun nýrra barna í leikskólann en samt með takmörkun á aðgengi foreldra. Það byrjuðu 27 börn hjá okkur og dreifðust á allar deildir leikskólans en mest þó á yngstu deildina, Stjörnuna. Aðlögun gekk vel og börnin alsæl hjá okkur. Ég vil helst ekki tala um covid-19 en það hélt áfram með smá glufum þar sem við gátum gengið um frekar frjálsglega. Það kom svo aftur með fullum þunga í desember og hélt áfram þangað til í apríl. Fyrsta smitið í barnahópnum kom í lok desember þegar grunnskólarnir fóru í jólafrí en ekki fyrr en í lok janúar í starfsmannahópnum, eftir það fjölgaði þeim hratt og svo kölluð omicron veira lagðist á flesta starfsmenn (þó ekki alla). Veturinn var því mjög þungur hjá okkur og erfitt að halda dampi. Að vísu dreifðust veikindin ágætlega. Við þurftum samt að skerða þjónustu eitthvað en alls ekki mikið. Starfsmannahópurinn hefur verið nokkuð stöðugur hjá okkur undanfarin ár en um leið og það fór að rofa til á vinnumarkaðnum almennt misstum við nokkra úr hópnum en aðrir komu í staðinn. Nú stöndum við frammi fyrir því að frekar margir eru að breyta til og fara í önnur störf og verður því starfsmannahópurinn ekki eins næsta haust. Vonandi náum við að ráða inn áhugasama kennara til okkar. Ég hef verið afar stolt af kennarahópnum hér í Geislabaugi og eiga þau mikið hrós skilið á oft mjög svo krefjandi tímum. Kennararnir eru góðir í að sjá lausnir frekar en hindranir. Þrír kennarar hjá okkur eru í námi við kennaradeild menntavísindasviðs að læra leikskóla- og grunnskólakennarafræði. Það gera þær með fullri vinnu með námsamning hjá Reykjavíkurborg sem er afar ánægjulegt. Við viljum jú mennta fleiri leikskólakennara.

Að öllu jöfnu þá höldum við rútínu og starfsemi mjög vel í skólanum og við teljum að börnin hafi ekki fundið mikið fyrir því að þetta voru fordæmalausir tímar. Börnin tóku virkan þátt í leik og starfi, mikið farið í göngutúra um hverfið og farið í strætó í lengri ferðir. Það var gaman að sjá þau eflast í hreyfigetu og úthaldi og fræðast um náttúruna í þessum gönguferðum. Þeim var gefinn tími til að skoða og rannsaka, ekki alltaf að flýta sér frá A til B heldur að njóta og vera í núinu. Börnin fóru einnig í ófár bókasafnsferðir. Elstu börnin okkar, Meistarar, stunduðu æfingar í íþróttaskóla hjá Fram, fóru í myndlistaskólann, margar skólaheimsóknir og á tónleika, leikhús o.fl. auk þess að læra í gegnum leikinn eins og við gerum mest af í leikskólanum. Við útskrifuðum 20 börn núna á vormánuðum sem fara reynslunni ríkari frá okkur og sterkari félagslega en það finnst okkur skipta miklu máli til að takast á við lífið. Á vormánuðum var ákveðið að allar þrjár eldri deildarnar myndu verða blandaðir árgangar af 3-6 ára börnum eins og Sól og Fjall voru búnar að vera þannig að Lautin bættist við líka. Við færðum börnin milli deilda í júní og gekk það mjög vel. Börnin eru enn að máta sig við nýju deildarnar. Við munum svo meta eftir árið og sjá hvernig hefur gengið. Við erum enn í innleiðingarferli Jákvæðs aga hér í skólanum



Það gengur ágætlega. Við förum hæg skref og höldum áfram að fullu aftur í haust. Ekki má gleyma áhuga barnanna á ræktun en það kemur til vegna eins kennara við skólann sem hefur kveikt áhuga þeirra á því og smitað aðra með sér. Nú höfum við fengið gróðurhús í garðinn okkar sem heitir Bambahús og munum við áfram rækta og huga að umhverfinu. Áherslur næsta árs verða að halda metnaðinum í því sem við erum að gera og gera það vel. Starfa efir nýju menntastefnunni og vinna að nýrri skólanámskrá og ljúka henni. Að öllum líði vel í Geislabaugi börn, kennarar og starfsfólk. Nú er það bara gleði, gleði, gleði og halda fram á veginn.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári og hlakka til komandi skólaárs með ykkur, börn, kennarar og foreldrar.

Þóra Jóna Jónatansdóttir

Leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Ýmislegt hefur verið gert til þess að meta leikskólastarfið undanfarna vetur en reglulegt mat fer fram einu sinni í viku á deildarstjórafundum (símat). Þar er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum og rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er skrifuð fundargerð, henni dreift á allar deildir hússins og allir starfsmenn lesa hana yfir. Með þessu móti hafa allir tækifæri á að fylgjast með gangi mála og koma með athugasemdir inn á næsta fund. Í haust var aftur endurmat á starfi sumarsins eins og síðastliðið ár, svo aftur í janúar og núna síðast í maí. Það kemur okkur vel á endurmatsdegi deildarstjóra og stjórnenda þegar þeir fara saman yfir starfið að liðnum vetri. Ekki var farið í innra mat með börnunum þetta árið en við ætlum að bæta okkur í því og vonumst til að geta nýtt barnafundina til þess.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsánægja	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá	Starfsfólk Geislabaugs	Heilt yfir eru starfsmenn ánægðir starfi. Minnst á að halda þurfi trúnað. Kallað eftir meiri hópefli. Farið verður í að bæta það sem bæta þarf því við viljum hafa starfsánægju okkar góða. Þess má þó geta að þessi niðurstaða stangast á við rafrænu starfsmannakönnunina! (sjá ytra mat).
Svæðaleikur	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá	Starfsfólk Geislabaugs	Svæðaleikur gengur vel og börnin dugleg að nýta svæðin og þjálfá samskipti sín á milli. Við kennarar þurfum að hafa það stöðugt í huga að hafa fjölbreytt svæðaval ásamt efnivið
Matstofan	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá	Starfsfólk Geislabaugs	Matstofa gengur almennt vel. Matstofan er okkar stolt. Börnin valdeflast í sjálfshjálpi og velja með hverjum þau sitja til borðs. Við erum alltaf á tánnum um að gera betur og að koma á móts við þarfir barnanna.
Lubbi og almenn málörvun	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá	Starfsfólk Geislabaugs	Almenn ánægja með Lubbastundir og þá málörvun sem við vinnum með. Við gátum lítið haldið þessar stundir þegar mest var um veikindi. Við ætlum að aðlaga stundirnar betur að starfinu og einnig kynna þær



			betur fyrir nýju starfsfólki, því það hefur gleymst. Málörvun á alltaf sinn sess í starfinu og erum við alltaf að reyna að gera betur í dag en í gær.
Blær og önnur félagsfærni	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Við höfum svolítið gleymt Blæ og þarf leiðandi hefur innleiðing gengið hægt. Einhverjir hafa þó haldið uppi starfi með Blæ. Við ætlum að bæta okkur þar, því Blær hjálpar okkur mikið með að efla félagsfærni barnanna.
Útivera	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Alltaf gaman að vera úti. Þó kemur því miður allt og oft fram að starfsfólk megi dreifa sér betur um garðinn og við erum ekki deildaskipt úti. Undirbúið var nýtt skipulag og í haust verða starfsmenn beðnir um að koma með tillögur á breytingunum, því við verðum öll að hafa rödd.
Sérkennsla	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Sérkennsla er mikil og margir sem sinna henni. Þau eru öll ánægð með þá aðstoð og leiðbeiningar sem sérkennslustjóri leggur fram.
Söngstund	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Er að öllu jöfnu einu sinni í viku og alltaf jafn gaman þegar allar deildar safnast saman og syngja. Þær eru vel skipulagðar og vinsælar.
Val á milli deilda	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Val á milli deilda er vinsælt. Í vetur prufuðum við að hafa flæði á milli deilda sem almenn ánægja var með. Við munum klárlega útfæra það betur fyrir veturinn.
Listasmiðja	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Allir ánægðir með hvernig Listasmiðja er útfærð. Börnin eru alltaf spennt og áhugasöm þegar þau vita að von er á Auði því þá er oftast eitthvað óvænt verkefni.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Rafrænt	Starfsmenn leikskólans	Heildar þátttaka í könnuninni var ekki góð enda mikið um covid-19 veikindi þegar könnunin var gerð. Almennt kom könnunin vel út. Einstaka þætti megum við taka til skoðunar, eins og stjórnun, starfsánægju og starfsanda og gera umbótaáætlun. Þetta eru mikilvægir þættir sem hafa lækkað aðeins á milli ára.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Sækja okkur handleiðslu hjá fagaðila. Skipta verkefnum betur á milli okkar	Búið að panta handleiðslu í gegnum SFS.	Skóla- stjórar	Haust 2022	Des. '22/jan. '23	Samtöl, opin samskipti og skráningar	Starfsmanna- kannanir sem við gerum í gegnum Survey-Monkey.
Uppeldis- og menntastarf							
	Byrjum á nýrri námskrá	Tökum mið af nýrri mennta- stefnu en höldum okkar eigin- leikum og gildum	Stjórn- endur	Haust 2022	Haust 2023		Menntastefna Reykjavíkur og Aðalnámskrá leikskóla.
Mannauður/ Leikskólabragur							
		Nýta mann- auðinn og gefa kennurum frelsi til ákvarðana- töku. Gleði og opnari samskipti	Stjórn- endur og deildar- stjórar	Haust 2022	Vor 2023	Með viðhorfskönnunum	Starfsmanna samtöl
Innra mat							
	Starfsmenn koma að auknu mæli að starfinu.	Starfið metið jafnt yfir skóla árið	Stjórn- endur og deilda- stjórar	Haust 2022	Vor 2023	Með viðhorfskönnunum og teymisfundum.	Niðurstöður kannana og símats gefa okkur sýn á árangur okkar.



3 Sólin

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2021- 2022 dvöldu 24 börn á Sólinni, fædd árin 2016 og 2017. Á deildinni voru sjö fastir starfsmenn, en þrír af þeim sinntu sérkennslu. Starfsmannahópurinn var að mestu leiti stöðugur, það urðu nokkrar mannbreytingar á árinu. Fyrrum deildarstjóri hætti störfum í lok nóvember og tók nýr deildarstjóri við í desember 2021.

Faglega starfið hefur þó gengið vel þrátt fyrir þessar breytingar, covid-19 og styttingu vinnuvikunnar. Starfið hefur þar af leiðandi alltaf verið að aðlagast þessum þáttum. Á síðasta skólaári var lögð mikil áhersla á Lubba, Blæ og Barnafundi ásamt því var mikið unnið með Jákvæðan aga. Starfsfólk deildarinnar var duglegt að fara eftir þeirri stefnu og minna hvort annað á að nýta sér Jákvæðan aga, gefa val og fleira.

Það gekk vel að halda skipulögðum stundum: Lubba, Blæ og Barnafundum. Börnunum var skipt í þrjá hópa og fékk hver hópur eina af þessum stundum vikulega. Í Lubbastundum var unnið með eitt málhljóð vikulega. Í Blæstundum voru félagsfærni sögur notaðar, börnin æfðu sig í að gefa Blæ nudd og svo var ýtt undir það hvernig skal vera góður vinur. Á Barnafundum ræddu börnin oftast um það sem þau höfðu áhuga á hverju sinni allt frá því hvernig mannfólkið er ólíkt, ólíkar fjölskyldugerðir, sjálfbærni og yfir í hvernig á að haga sér í fataklefanum. Starfsfólk stóð sig einnig vel að tvinna þessum stundum í starfið almennt, það hafði það í för með sér að börnin eflust í félagslegum samskiptum, tjá bæði skoðanir sínar og tilfinningar.

Samverustundir voru haldnar einu sinni til tvisvar á dag og voru þær mjög fjölbreyttar. Í fyrstu samveru dagsins voru öll börnin saman. Þá var farið yfir dagskipulagið, sungið, hlustað á tónlist eða sagt frá sögu. Í hádeginu voru lesstundir. Börnunum var skipt í eldri og yngri og gekk það rosalega vel. Sætaval var frjálst og fengu börnin að ráða hvar þau sátu í samveru jafnframt sátu starfsmenn hjá þeim börnum sem þurftu á því að halda til að auka vellíðan og öryggi. Með því að leyfa þeim að velja sæti sjálf eflum við þau ekki einungs í sjálfstæði, heldur einnig í að þau beri ábyrgð á eigin námi og læri þannig að fylgjast með og hlusta í slíkum stundum.

Mikil áhersla var lögð á læsi og að efla málproska barnanna á fjölbreyttan hátt. Börnin fengu að prófa sig áfram með Sögugrunninn, unnu verkefni, hlustuðu á lög og fundu út hvaða saga leynist á bakvið hvaða lag, jafnframt höfðu þau greiðan aðgang að bókum og spilum sem efla tjáningu og skilning. Leikskólinn er staðsettur á mjög góðum stað við ósnortna náttúru sem bíður upp á að börnin fái að kynnast náttúrunni og hverju hún hefur upp á að bjóða. Börnin fóru oft í gönguferðir að Reynisvatni og þar kviknaði mikill áhugi á sílum og leiddi sá áhugi í skemmtilega könnunaraðferð. Þar með sagt fóru börnin reglulega í vettvangsferðir bæði í nærumhverfi, bókasafnið, húsdýragarðinn, tónleika, leikhús



og fleira. Í þessum ferðum var mikil áhersla lögð á að fara eftir fyrirmælum, hreyfingu og voru þau mjög dugleg að ganga.

3.2 Innra mat Sólarinnar

Uppeldislegar skráningar hefðu mátt vera fleiri þetta árið, ekki eingöngu þær sem voru fyrir fram ákveðnar. Skráningarnar sem við gerðum voru flottar en við viljum bæta og þróa þær. Þá verðum við öruggari með þær, en það má alltaf gera betur og gera fleiri skráningar.

Það gekk nokkuð vel að halda svæðavali inni í skipulagi deildarinnar. Það hefði mátt leyfa börnunum að velja oftar hvaða svæði og hvaða efniviður væri í boði hverju sinni. Það var þó yfirleitt nóg í boði og börnunum þótti skemmtilegt í vali. Þau voru orðin mjög örugg í svæðavalinu sem bendir til þess að þau eru vön að hafa val og eru ákveðin í því sem þau vilja gera.

Blær, Lubbi og Barnafundur bjóða upp á miklar tengingar bæði í leik og verkefnavinnu. Stefnt er á það að halda þessum stundum áfram, og reyna að tvinna þær en meira í daglega starfið okkar. Reynslan sýnir að það gangi vel að skipta börnunum í hópa og hafa þau ekki fleiri en átta saman í hóp. Með því ná kennarar mun betur til barnanna og börnin njóta sín frekar heldur en þegar þau eru í stærri hópum. Með nýjum hópi barna næsta vetur munum við þurfa að skipuleggja stundirnar vel hverja fyrir sig og koma til móts við börnin þar sem þau eru stödd í þroska og skilning.

Mikil áhersla var lögð á sjálfseflingu og byggja upp sjálfstraust hjá börnunum þetta skólaár. Það gekk mjög vel. Börnin voru orðin sjálfbjarga í fataherberginu og vorum við markvisst að hvetja börnin til að gera sjálf jafnframt að biðja um aðstoð þegar þau þurftu á henni að halda.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein 	Tvinna meiri málörvun og læsi inn í vinnu með Lubbi finnur málbein	-Taka efnivið svo sem sögugrunn, sögur, tónlist og annað inn í stundirnar - Unnið í samverustundum og litlum hópum	Deildar- stjóri	Haut 2022	Vor 2023	Tekin staða á þekkingu barna á málhljóðum með samtali eftir skólaárið	Þekking barna á málhljóðum fyrir og eftir skólaárið metin
Blær 	Halda áfram að vinna með Blæ	Unnið í samverustund og litlum hópum	Deildar- stjóri og starfs- maður sem sér um Blæ stundir	Haut 2022	Vor 2023	Unnið sé með Blæ þrisvar í viku í litlum hópum. 1-2 samverustundir í viklu hlustað á lögin, rætt um félagsfærnisögur, samskipti og líðan	Þekking barnanna á lögum um Blæ, líðan barna og samskipti
	Tvinna inn í Blæ stundir sjálfstæði og valdeflingu	Nota myndir úr Blæ efni, dæmisögur, barnafundi og aðrar aðferðir	Deildar- stjóri og starfs- maður sem sér um Blæ stundir	Haut 2022	Vor 2023	Staðan tekin á færni barna til tjáningar og virðingar á skoðunum áður en haust starf hefst og eftir skólaárið	Óformleg könnun gerð á tjáskiptum og ákvarðanatöku ferli barnanna á deildinni
Barnafundir 	Halda áfram með markvissa barnafundi Leyfa börnunum að stjórna umræðu- efni, og grípa í samræður sem þau hafa áhuga á	Unnið í litlum hópum	Deildar- stjóri og starfs- maður sem sér um barna- fundi	Haut 2022	Vor 2023	Staðan tekin á tjáningu og heimspekilegum samræðum á hausti og vori	Staðan tekin á heimspekilegri hugsun, samskiptum í byrjun hvors misseris Skráningar gerðar eftir hverja stund svo hægt sé að meta framfarir
Skráningar	Gera fleiri skráningar úr daglegu starfi. Hver starfs- maður gerir eina skráningu á hausti og vori	-Verum duglegri að taka myndir af daglegu starfi -Gerum skráningar eftir með myndum	Deildar- stjóri og allir starfs- menn deildar- innar	Haut 2022	Vor 2023	Ferilmappa yfirfarin í byrjun hvors misseris	Ferilmappa yfirfarin í lok hvors misseris

4 Lautin

4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lautinni um starfið á síðasta ári

Árið 2021 – 2022 er búið að vera skemmtilegt ár og haustið byrjaði vel með flottum og fjölbreyttum barnahópi og góðum kennarahópi. Megnið af barnahópnum byrjaði á Lautinni fyrir sumarfrí. Þetta var gert til að draga úr álagi innanhúss eftir sumarfrí og börnin upplifa ekki eins mikið spennu fyrir að mæta í nýjan deild eftir sumarfrí. Á Lautinni voru 24 hress og kát börn, 21 börn sem eru fædd 2018 og 3 börn sem eru fædd 2019. Byrjun nóvember tók nýr deildarstjóri við starfinu inn á deild. Í kringum áramótin eru nokkrir starfsmenn búnir að segja upp starfinu til að halda áfram í fyrrverandi starfi áður en covid-19 hófst. Síðan þá hafa verið nokkrar starfsmannabreytingar inni á deild. Bæði börn og foreldrar tóku þessum breytingum vel þó mikil vinna hafi farið í því að halda starfinu gangandi.

Hópurinn samanstóð af 24 börnum, þar af fjórum stuðningbörnum. Samtals voru fjórir sérkennarar inni á deild. Það voru fimm fjöltyngd börn og deildin er búin að leggja mikla áherslu á að bjóða þeim upp á auka málörvun í smærri hópum. Auk þess voru nokkur börn sem komu slök úr EFI-2 prófinu og það þurfti að vinna með þeim til að efla málþroskann. Árið hefur verið frekar þungt út af viðbótarkennslu hjá mörgum börnum sem gaf okkur líka tækifæri til að skipuleggja starfið okkar þannig að öll börn græða á því. Deildin var að æfa sig mikið að vinna með tákn með tali (TMT) og allt starfið er skipulagt eftir sjónrænu skipulagi. Bæði stuðningsbörnin og hin börnin fengu að nota 'fyrst og svo' renning og yfir daginn var þeim sýndur renningur með dagskipulagi fyrir þennan dag (sem var svo breytt yfir daginn).

Það hefur verið mikilvægt að hafa skýrt dagskipulag bæði fyrir kennara og börn. Börnin fóru öll einu sinni í viku í Lubba stund og Blæ stund. Deildinni var skipt í fjóra hópa eftir styrkleikum barnanna og til að láta börn læra af hvoru öðru. Það gekk mjög vel að vinna með börnunum saman í litlum hópum yfir daginn. Lubbastundir miðast aðallega að því að börnin fái tækifæri til að læra íslensku málhljóðin, við unnum eftir skipulagi fyrir hverja deild. Tengt Lubbastundum fóru börnin í allskonar verkefni eins og göngutúr bingó, föndra nafnið þeirra og í söngstundum var lögð áhersla á að klappa athafnir og læra fyrsta staf í orðum. Í Blæ stundum var lögð mikil áhersla á vináttu, sérstaklega grunninn um að leika saman, skiptast á, segja stopp og að tjá sig með orðum. Það voru lykilatriði til að hafa góð samskipti á milli barna og kennara. Sérstök áhersla var lögð á tilfinningar og meðvitund. Þetta var nauðsynlegt til að halda góðu andrúmslofti inni á deild. Á nokkrum starfsdögum eru kennarar búnir að læra um Jákvæðan aga sem hjálpaði okkur mjög vel með að hafa góð samskipti með börnunum með að gefa þeim valkosti, tala um 'fyrst og svo' og reyna að tala um hvað má gera í staðinn fyrir að segja hvað er bannað.

Í kringum áramótin voru flest börn hætt að fara í hvíld og við breyttum þá skipulaginu okkar þannig að börnin fóru út beint eftir hádegismatinn og þau fengu þá að fara í sögustund eftir útiveruna. Mikil áhersla var lögð á málörvun og að efla orðaforðann hjá börnunum. Börnin fengu að fara í smærri hópum í heimsókn í bókasafnið sem gaf deildinni tækifæri til að kenna þeim að fara í strætóferð. Börnunum fannst mjög skemmtilegt að kynna svo bækurnar í sögustund sem þau höfðu valið í bókasafninu. Í vor var haldið upp á Barnamenningarhátíð í nýju menningarsvæði í hverfinu. Börnin völdu sér fuglaþema sem var mjög skemmtilegt að vinna með á fjölbreyttan hátt. Börnin lærðu um fuglanöfn og fengu að mála og leira fugla og fuglahús. Börnin fóru mikið í göngutúra til að leita að fuglum og læra um umhverfið okkar.

4.2 Innra mat Lautin

Við náðum ekki nógu markvissum barnafundum á síðasta ári og við ætlum þá að halda oftar barnafundi sem er parturinn af Jákvaðum aga. Út af mörgum starfsmannabreytingum og manneklu var ekki unnið á nógu markvissan hátt með Lubba og Blæ. Við einbeittum okkur mikið með að sinna börnunum með mesta sérþörf og það var ekki alltaf tími til að skipuleggja vinnustundir með öllum börnunum. Að öllum líkindum verða lykilstarfsmenn sem munu stýra þessum stundum næsta haust en þó verður það samstarfsverkefni allra starfsmanna að framfylgja boðskap þessara verkfæra.

Haustið 2022 byrjum við með þrjá árganga inni á deild og það verður meiri samvinna á milli Lautar, Sólar og Fjalls sem eru með svipuðum árgöngum og hver árgangur fær að hafa verkefni samkvæmt aldri.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Ö-'Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein 	Að farið verði í Lubba bæði fyrir og eftir áramót.	Barnahópnum verður skipt í litla hópa. Öll börnin fá Lubbastund einu sinni í viku þar sem farið verður yfir staf vikunnar og saga viðkomandi stafs lesin.	Deildarstjóri ber ábyrgð sem og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Haldið verður utan um þá stafi sem börnin hafa farið yfir.	Með því að hafa plan þar sem hægt er að sjá hvaða stafur verður tekinn fyrir hverja viku er hægt að sjá hvort því markmiði sé náð eða ekki.

Vináttuverkefnið Blær 	Að nýta Vináttu-verkefnið Blær betur	Barnahópnum verði skipt í 3 hópa og farið verði 1 sinni í viku í Blæstund. Markmiðin verði að börnin læri umburðar-lyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.	Deildarstjóri ber ábyrgð og sá kennari sem fer á/hefur farið á námskeið um Vináttu-verkefnið.	Haust 2022	Vor 2023	Stuðst verður við stuttar skráningar í fréttabréfinu fyrir foreldra með það sem börnin hafa lært eða hvað við erum búin að tala um.	Erfitt getur verið að meta árangur. Barnafundir geta hjálpað okkur með að tala við börnin hvernig ð-pau upplifa samskipti inni á deild á milli barnanna og hvernig almennilega andrúms-loftið er inni á deild.
Barnafundir 	Fara oftast í barnafundi	Barnahópnum verði skipt í 3 hópa og farið verði 1 sinni í viku í fund	Deildarstjóri ber ábyrgð og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Stuttar skráningar í fréttabréfinu fyrir foreldra með það sem börnin hafa lært eða hvað við erum búin að tala um.	Huglægt mat í lok annar.
Reggio verkefni/þema verkefni 	Vinna meira með náttúruleg gögn og efni og kveikja áhuga hjá börnunum fyrir því	Kennarar sitja saman með börnum á gólfinu og finna leiðir og gefa börnunum tækifæri og tíma til að "skynja og uppgötva". Í starfinu með börnunum eru notaðar opnar spurningar, "hvað, hvernig og hvers vegna".	Allir starfsmenn deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Stuttar skráningar í fréttabréfinu fyrir foreldra með það sem börnin hafa lært eða hvað við erum búin að tala um.	Í hverjum mánuði er valið þema á barnafundum og unnið eftir því. Í lok mánaðar verður gerð skráning með útskýringu á hvað börnin hafa lært eða gert.

5 Fjallið

5.1 Stutt greinagerð deildastjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári

Á Fjallinu, veturinn 2021-2022, voru 23 börn og 6 starfsmenn. Barnahópurinn samanstóð af tíu 2016 börnum, tíu 2017 börnum og þremur 2018 börnum. Þar af voru 2 börn með 8 tíma stuðning. Eitt barn með 4 tíma í stuðning og annað með tvo tíma. Í hópnum voru ýmsar aðrar sérþarfir. Þrjú börn voru með annað tungumál og tvö þeirra áttu erfitt með íslenskuna og þurftu auka málörvun og aðstoð. Tvö önnur voru tvítyngd og átti annað þeirra erfitt með íslenskuna og þurftu þau því auka málörvun og aðstoð. Hitt var kjörþögli og fékk 2 tíma í stuðning fyrir það. Fenginn var sálfræðingur sem aðstoðaði við að setja upp vinnuferli til að hjálpa barninu.

Nokkrar mannabreytingar urðu á deildinn um haustið en það voru aðallega starfsmenn innan húss sem fluttust á Fjallið. Tveir starfsmenn voru áfram frá fyrra ári.

Covid-19 hélt áfram að setja sitt mark á veturinn þó það hafi ekki verið eins mikið og árið áður. Nú var aðallega grímuskylda og svo tók á síðari hluti vetrarins þegar starfsmenn fóru að smitast í hrönnum.

Það gerði það að verkum að starfsfólk var alltaf á tánum til að bregðast við síbreyttum aðstæðum.

Á Fjallinu var mikið lagt upp úr myndrænu dagskipulagi fyrir börnin, þannig þau vissu hvað var verið gera og hvað kæmi næst. Þetta gerði þau öruggari, þau vissu hvað væri í vændum og hvers væri ætlast til af þeim.

Þar sem deildin er lítil var barnahópnum oft skipt upp. Þannig gátu bæði börn og starfsfólk notið sín inni á deildinni. Helmingur var þá inni og hinn helmingurinn fór út. Skiptingin var oftast aldurstengd.

Unnið var með Lubba og Blæ og verður þeirri vinnu haldið áfram. Einnig var ætlunin að samtvinna Lubba meira við almenna málörvun og Blæ við sjálfbærni og félagsfærni, þeirri vinnu verður haldið áfram.

Við höldum áfram að vinna með svæðaleikinn og nota hann í fleiri tímum en bara á morgnana milli 9:30 og 11:00.

Starfsmannahópurinn hélt áfram á námskeiði í Jákvæðum aga og er mjög spenntur að halda þeirri vinnu áfram og innleiða það.

5.2 Innra mat Fjallið

Við erum búin að vera vinna með uppeldisfræðilegar skráningar. Þær hafa aðallega verið þessar föstu sem eru alltaf. Okkur langar að gera betur og bæta inn fleiri skyndi skráningum. Einnig langar okkur að hlusta betur á leik barnanna og fá kveikjur að verkefnum til að gera og gera skráningar út frá þeim.

Lagt var upp með að hafa 2-3 samverur á dag en allar mjög ólíkar. Fyrsta var notuð í Lubba, Blæ og málörvun 3x í viku. Þá var hópnum skipt í þrennt eftir getu. Einn í Lubba, einn í Blæ og einn í barnafundi.



Hóparnir rúlluðu svo á milli dagana þannig hver hópur fór einu sinni í viku í þetta allt. Stundirnar enduðu svo á ávöxtum og allir í svæðaleik eða út. Ekki gekk þó nógu vel að halda þessum stundum. Þá daga sem Lubbi, Blær og barnafundir voru ekki, fengu börnin ávexti, farið var yfir daginn og síðan farið í leik, hvort sem það var úti eða inni. Næsta samvera var svo fyrir hádegismat, en þetta var eina samveran þar sem allur hópurinn var saman. Þá var oftast sungið en stundum málörvun eða aðrar æfingar. Síðasta samveran var fyrir hressingunna, en þá var hópnum skipt í tvennt eftir málþroska og tekin lestarstund. Þannig var lesið fyrir alla að minnsta kosti einu sinni á dag.

Svæðaleikur var mikið notaður en börnin völdu sér svæði einu sinni til tvisvar á dag. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður frekar en þegar því er sleppt. Þess vegna reyndum við að nota svæðaleikinn líka eftir hádegi ef börnin voru inni. Í manneklu prufuðum við að nota svæðaleikinn líka og gekk það mjög vel. Kennarar voru þá ekki mikið í leiknum með börnunum heldur í kring og að aðstoða þar sem þurfti. Meiri ró var yfir hópnum þegar þetta var gert og munum við því halda þessu áfram.

Einu sinni í viku fengum við til okkar listasmiðjustýru sem tók hópna með sér í Listasmiðjuna. Börnin voru alltaf mjög spennt fyrir því að fara þangað. Okkur tókst sæmileg að halda listastarfi líka inni á deild, en langar að gera betur og hafa alltaf eitthvað í boði í svæðaleiknum.

Við vorum aftur með verkefnastjóra elstu barna í ár og gekk það mjög vel. Börnin voru mjög spennt að fara í Meistarastundirnar og náðu að kynnast betur þvert á deildir. Verkefnastjóri elstu barna var tvisvar sinnum í viku hjá okkur á morgnana og svo með helming af Fjalli og helming af Sól saman tvisvar sinnum í viku eftir hádegi.

Nokkrar skipulagðar ferðir voru farnar yfir veturinn. Meistararnir fóru á tónleika í Hörpunni og leikhússýningar í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

Farið var með allan hópinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á námskeið sem þau halda. Það var Hugrakkir krakkar fyrir elsta hópinn og Húsdýrinn okkar hjá yngri hlutanum.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur þar sem öll börnin voru með verk eftir sig eða sameiginleg verk. Meistararnir fóru í Dalskóla og tóku þátt í opnun hátíðarinnar og fengu að skoða verkinn sína og annarra. Daginn eftir opnunina fór svo yngri hlutinn á sýninguna að sjá sín verk og annarra leikskóla.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein og málörvun 	Halda áfram að vinna með Lubba, tvinna aðra málörvun og læsi inn í þær stundir. Einnig hafa auka málörvunar stundir, sérstaklega fyrir þá sem þurfa auka.	Auka stundir með Lubba. Nota samverur í málörvunaræfingar aok þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum. Nota Sögugrunninn, spil, sögur og annað málörvunar efni með.	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um Lubbastundir og aðrir starfsmenn.	Haut 2022	Vor 2023	Metið að hausti og vori með samtali og könnun á þekkingu málhljóðanna og málörvunar viðmiðum. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að öll börn fái viðeigandi stund í málörvun allt skólaárið.
Blær og efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni í sambland við Blæ 	Halda áfram að vinna með Blæ. Tvinna inn í Blæ stundir sjálfstæði og valdeflingu.	Unnið í litum hópum. Að barn fari minnst einu sinni í viku í Blæ stund. Og að auki Nota samverur, barnafundi, efni úr Blæ ásamt öðrum aðferðum.	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir. Ásamt öðrum starfsmönnum.	Haut 2022	Vor 2023	Unnið einu sinni í viku í litlum hópum og í samveru hlustað á lögin.	Samskipti barna og líðan. Þekking þeirra á lögunum. Að börnin séu örugg í sam- skiptum og félagslegri færni.
Sköpun (fyrir utan stundir í Listasmiðju) 	Grípa hugmyndir barnanna. Vera alltaf með opið á listasvæði.	Með því að hlusta, vera með hvetjandi efnivið og kveikjur. Vera með skapandi starf á fleiri svæðum t.d. byggingasvæði.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Haut 2022	Vor 2023	Unnið alla daga sem svæðaleikur er í gangi og fyrir utan hann.	Vera með lista sem hægt er að skrá hvaða börnin eru búin að gera af verkum, þannig allir geri eitthvað.
Skráningar	Gera skráningar fyrir utan þessar föstu hefðbundnu.	Gera skráningar um sköpun hjá börnunum sem ekki endilega skilar af sér afurð.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Haut 2022	Vor 2023	Fylgjast með ferilmöppunum að allir séu að fá minnst eina svona skráningu.	Fara yfir ferilmöppu og sjá hvort mark- miðinu hafi verið náð.

6 Lindin

6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2021 – 2022 gekk vel á Lindinni. Flutningur á milli deilda fór aftur fram fyrir sumarfrí en ekki eftir sumarfrí eins og verið hefur. Fluttu því flest Stjörnu börnin yfir á Lindina þann 14. júní 2021. Var ákveðið að deildarstjóri Stjörnunnar héldi áfram með þau börn og tæki því að sér deildarstjórastöðu á Lindinni. Deildarstjóri Lindarinnar tók þá að sér deildarstjórastöðu á Stjörnunni og tók á móti nýjum börnum haustið 2021.

Því miður voru mörg börn á Stjörnunni sem fluttu á annan leikskóla eftir veturinn en sem betur fer fengum við mörg skemmtileg börn til okkar á móti. Þannig byrjuðu 5 ný börn á Lindinni þann 22. júní 2021. Það er alltaf gott að geta tekið á móti nýjum börnum fyrir sumarfrí og minnka þannig álagið um haustið. Við tókum á móti tveimur nýjum börnum þann 19. ágúst og 5 börnum þann 26. ágúst. Börnin voru snögg að aðlagast og fóru fljótt að leika sér saman. Barnahópurinn var fjölbreyttur á Lindinni og vorum við með 6 fjöltyngd börn og þar af 1 barn með stuðning. Reyndum við því að nota TMT og Gefðu 10 eins mikið og hægt var. Við fengum auka starfsmann í stuðning í lok október og voru þá orðnir 6 starfsmenn á Lindinni. Í byrjun febrúar fengu starfsmenn stuðningsbarna handleiðslu frá nema í atferlisfræðum og kom hún reglulega í heimsókn fram að vori.

Við reyndum að halda Blæ og Lubba stundum stöðugum ásamt því að vera með reglulegar hreyfistundir í salnum. Eftir áramótin datt dampurinn niður og erfitt var að koma Blæ og Lubba stundum aftur á strik. Reyndi deildarstjóri þó að hafa Lubba ávallt í samverustundum sínum.

Þegar nálgast fór jólamánuðinn byrjuðu börnin að gera jólagjafir handa foreldrum sínum. Þau börn sem höfðu verið á Stjörnunni fengu að velja á milli tveggja gjafa en þau sem voru ný gerðu handafar sem fyrstu gjöf. Þau voru spennt og allt gekk vel.

Um mánaðarmótin febrúar/mars fóru leikskólastjóri, Listamiðjustjóri og deildarstjóri Lindarinnar á tveggja daga réttindanámskeið í Jákvæðum aga.

Þann 5. apríl var Barnamenningarhátíð haldin og tókum við þátt í henni. Þar sem börnin voru mikið að spá í liti og Listasmiðjustjórinn hafði tekið fyrir verkefni tengd bókinni um Litalúðurinn ákváðum við að búa einnig til myndir þar sem börnin blönduðu saman litum og bjuggu til úr því listaverk. Listaverkin voru svo hengd upp í nýju menningarmiðstöð Úlfarsárdals. Undirbúningur hátíðarinnar tók langan tíma og því ákváðum við að minnka álagið og sleppa því að láta börnin mála öskudagsbúninga eins og við höfum gert undanfarin ár. Í staðinn var ákveðið að leyfa börnunum að mála boli fyrir sumarhátíð sem haldin var þann 15. júní 2022.

Á Lindinni voru tveir erlendir starfsmenn og fengu þeir að fara á íslenskunámskeið á vinnutíma. Námskeiðið var haldið annan hvern miðvikudag í sal Geislabaugs og miðvikudaginn á móti í Þjónustumiðstöð Reykjavík Austur (Miðgarði). Skiptu starfsmennirnir þessum dögum á milli sín.

Í júní 2021 fengu allir deildarstjórar handleiðslu frá Guðnýju Reynisdóttur, mannauðsráðgjafa Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Fyrst fengum við allar einkasamtal við hana og svo kom hún til okkar á fund þar sem við vorum allar saman og ræddum við um hin ýmsu mál. Þetta þótti öllum deildarstjórum mjög gott og mikil þörf á. Við héldum áfram að hitta hana í allan vetur og fannst okkur deildarstjórum það mjög gott og fannst okkur hún hjálpa mikið til. Í júní 2022 var síðasti fundurinn okkar og voru þá leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri með. Sá fundur gekk einnig mjög vel og vorum við allar mjög sáttar með hann.

Þann 17. maí var endurmatsdagur og fóru þá allir stjórnendur; leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og Listasmiðjustjóri úr húsi til að meta starf síðasta árs. Hafði þá verið búið að biðja starfsmenn um að skrifa niður sínar skoðanir á starfinu. Þessi dagur er einnig nýttur sem hópefli fyrir stjórnendur leikskólans.

6.2 Innra mat Lindarinnar

Þar sem deildarstjóri Lindarinnar mun taka að sér deildarstjórastöðu á Stjórnunni (og öfugt) munum við vinna umbótaþættina í sameiningu.

Sé farið yfir umbótaþætti síðasta árs má sjá að það er ýmislegt sem betur hefði mátt fara. Erfiðlega gekk að halda skrá yfir það sem gert var í vetur. Lubbastundir gengu vel og var hann aðallega tekinn fyrir í samverustundum með deildarstjóra. Við einblíndum á málhljóðin í-ú-v-j-h-e og gekk það mjög vel. Við æfðum okkur í lögunum og skoðuðum myndir sem tengdust tilteknu málhljóði. Voru börnin mjög áhugasöm um Lubba. Blæ stundir gengu ágætlega fram að áramótum. Kennurum þótti erfitt að nota Tákn með tali og var það aðallega notað með lögum og þegar matur var kynntur. Gæðalestur gekk ekki vel en vonandi gengur næsta deildarstjóra betur næsta skólaár. Umbótaáætlun var ekki sýnileg fyrir starfsmenn og skrifast það algerlega á deildarstjóra. Erfiðlega gekk að uppfylla umbótaþáttinn um deildarfundi en þó náðum við nokkrum yfir veturinn. Það gekk betur þegar við náðum að hafa styttri fundi á sama degi, þ.e. þegar báðar deildir funduðu sama dag. Voru þá öll börnin inni og var opið á milli beggja deildanna. Vonandi gengur næsta deildarstjóra betur að uppfylla nýja umbótaþætti á næsta skólaári.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi (og málörvun) 	Að fara dýpra í Lubba og hver málhljóð. Hver deild einblínir á færri málhljóð og gerir verkefni út frá þeim.	Að skipta málhljóðum á milli deilda þannig að hver deild geti einblínt á ákveðin málhljóð og svo tekur næsta deild við. Lindin ætlar að sjá um málhljóðin í-ú-v-j-h-e.	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat í desember og í maí með þeim kennurum sem sjá um Lubba. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að börnin innleiði þessi 6 hljóð sem Lindin er með og læri lögin.
Blær/ Jákvæður agi 	Efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni í samblandi við Blæ. Bæta inn í hugmyndafræði Jákvæðs aga.	Börnum skipt í litla hópa þannig að hvert barn fái a.m.k. eina Blæstund í viku.	Deildarstjóri og sá kennari sem sér um Blæ.	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat í desember og í maí með þeim kennara sem sér um Blæ. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að börnin öðlist aukinn skilning á eigin tilfinningum sem og líðan annarra.
TMT (tákn með tali) 	Að efla málþroska barnanna og jafnvel flýta máltöku þeirra. Einnig að kennarar verði óhræddir við að nota táknin í daglegu starfi.	Með því að nota táknin í daglegu tali. Hvetja kennara til að kynna sér rétt tákn og nota þau dags daglega.	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn og aftur í lok skólaárs.	Eykur tjáskiptaleiðir barnanna og eflir málþroska þeirra. Eykur einnig öryggi starfsmanna til að tjá sig við öll börnin.
Gæðalestur 	Halda áfram með gæðalestur og yta undir lestraráhuga barnanna.	Kennarar skipti á milli sín dögum fyrir slíkar stundir. Sett verður upp skipulag þar sem hver kennari getur séð hvaða daga hann á. Valdar verða bækur sem hentar hækkandi aldri barnanna. Einungis 4-5	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Haut 2022	Vor 2023	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn og aftur í lok skólaárs.	Eykur áhuga barnanna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á máltöku þeirra. Gæðastund með kennara.

		börn verða saman í hóp í einu.					
Skýrari markmið	Hafa markmið næsta skólaárs sýnilegri.	Hafa umbóta-áætlun sýnilega fyrir alla starfsmenn.	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Farið reglulega yfir umbótaáætlun með starfsfólki deildarinnar yfir veturinn (jafnvel á deildarfundum) til þess að athuga hvort settum markmiðum sé ekki örugglega náð.	Umbóta-áætlun á að vera lifandi skjal og eykur það öryggi starfsfólks að vita að hverju við stefnum á komandi skólaári.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundir og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allt starfsfólk sé mætt eða ekki.	Deildarstjórar Stjórnu og Lindar.	Haut 2022	Vor 2023	Allt starfsfólk deildarinnar ræðir saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs-umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðara starfsfólk.

7 Stjarnan

7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári

Tveir deildarstjórar skiptu um deildir eftir sumarfrí, líkt og árinu áður. Deildarstjóri Lindarinnar tók að sér Stjörnuna og deildarstjóri Stjörnunnar tók að sér Lindina. Starfsmenn Stjörnunnar voru 4 í vetur. Fyrri aðlögunin var 19. ágúst og gekk frábærlega en þá byrjuðu 8 börn. Seinni aðlögun barnanna var 3. september og fannst okkur það full seint. Hún gekk líka mjög vel en þá komu til okkar 6 börn. Fyrri hópurinn var búinn að aðlagast nokkuð vel þegar seinni hópurinn byrjaði. Við vorum þá komin með 14 börn. Í lok september hætti eitt barn hjá okkur og flutti á annan leikskóla. Tvö börn bættust svo við í október og voru þá 15 börn á Stjörninni. Í janúar kom svo 1 barn til okkar og þá var deildin komin með 16 börn. Börnin fengu þátttökuaðlögun sem hæfir ungum aldri þeirra. Vegna erfiðra aðstæðna var þó aðlögunin eins stutt og hægt var þar sem foreldrar voru ekki leyfðir inn í leikskólann á þessum tíma. Barnahópurinn á Stjörninni var fjölbreyttur eins og vera ber. Með þessum fjölbreytta hópí reyndist vel að nota Tákn með tali og var einblínt á að nota tákn yfir helstu athafnir fyrst um sinn. Tákn með tali hefur reynst okkur afar vel og eru börnin alla jafna fljót að tileinka sér þessa óhefðbundnu tjáskiptaleið. Okkur fannst gaman að sjá hvað þau gripu táknin og eru dugleg að nota þau.

Til að hlúa að lýðræði barnanna höfum við einblínt á líðan þeirra og reynt að mæta þörfum barnanna eftir bestu getu. Erfitt er að vera með rýnihópa barna á þessum aldri, þar sem mörg þeirra hafa einungis fá orð til að styðjast við eða jafnvel engin. Með því að vera vakandi fyrir líðan barnanna á deildinni



framkvæmdum við smávægilegar breytingar á uppröðun húsgagna, leikfanga úrvali og fleiru og gátum þannig haldið rýminu spennandi fyrir þau.

Ákveðið var að halda áfram með aðferð sem við köllum Gæðalestur. Samkvæmt Miðju máls og læsis hentar þessi aðferð vel ungbarnadeildum leikskóla. Þá fer kennari inn í herbergi með 4 börn í einu og les fyrir þau eina bók sem hentar ungum aldri þeirra. Fyrst er bókin lesin fyrir allan hópinn og því næst fyrir hvert og eitt barn sem situr þá í fangi kennara. Hin börnin sitja og hlusta aftur eða skoða aðrar bækur á meðan. Teljum við að þessi aðferð henti börnunum mjög vel enda er þetta stutt og notaleg stund sem felur í sér mikið nám og lærum um leið að umgangast bækur. Börnin voru alltaf spennt en einn kennari sá um Gæðalesturinn allan veturinn.

Þegar jólamánuðurinn nálgaðist byrjuðu börnin að gera jólagjafir handa foreldrum sínum. Ákveðið hefur verið að fyrsta jólagjöf barnanna sé að gera handafar úr gífsi. Börnin fengu að taka fullan þátt í ferlinu, allt frá því að móta leir og yfir í að blanda og hella gífsinu í mót. Þau voru spennt og allt gekk vel.

Í janúar tókum við inn eitt barn. Hann var þá ný orðin 1 árs. Sú aðlögun gekk vel. Barnahópurinn var þá orðinn 16.

Í lok mars fór einn starfsmaður í fæðingarorlof og fengum við þá nýjan starfsmann inn sem þurfi að aðlagast ungum börnum og kynnist okkar starfsháttum þar sem hún var með eldri börn áður en hún kom til okkar. Barnahópurinn var farinn að breytast ansi mikið á þessum tíma og orðinn meira krefjandi. Þau voru orðin öruggari hjá okkur og farin að prófa sig meira áfram.

Við tókum þátt í barnamenningarhátíðinni sem var alveg hreint frábært og skemmtileg upplifun. Krakkarnir hafa mikinn áhuga á strætó og sjá hann oft á dag út um gluggann á Stjórnunni. Krakkarnir máluðu sinn eigin strætó ásamt því að gera stóran strætó saman. Svo stóran að þau gátu sest inn í hann. Listaverkin voru svo hengd upp í nýju menningarmiðstöðinni okkar í Úlfarsárdal. Undirbúningur barnamenningarhátíðarinnar tók mikinn tíma og datt því öskudagsundirbúningurinn niður. Við ákváðum því að breyta smá til og hafa búningagerð fyrir sumarhátíðina okkar þann 15. júní í staðinn fyrir öskudaginn. Börnin fengu því að mæta í náttfötum.

Þann 17. maí var endurmatsdagur og fóru þá allir stjórnendur; leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og Listasmiðjustjóri úr húsi til að meta starf síðasta árs. Hafði þá verið búið að biðja starfsmenn um að skrifa niður sínar skoðanir á starfinu. Þessi dagur er einnig nýttur sem hópefli fyrir stjórnendur leikskólans.

Í júní 2021 fengu allir deildarstjórar handleiðslu frá Guðnýju Reynisdóttur mannauðsráðgjafa Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Fyrst fengum við allar einkasamtal en svo kom hún til okkar á fund þar sem við vorum allar saman og ræddum um hin ýmsu mál. Við höldum áfram að hitta hana í allan vetur og fannst okkur deildastjórum það mjög gott og mikil þörf á að fá utanaðkomandi aðila inn í



málið. Okkur fannst hún hjálpa mikið til. Í júní 2022 var svo síðasti fundurinn en þá voru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með. Sá fundur gekk mjög vel og vorum við allar mjög sáttar með hann. Deildastjóri Stjörnunnar var í háskólanámi og gekk það mjög vel. Hún var frá 2 í vikur fyrir hádegi þar sem Reykjavíkurborg býður upp á staðnám með vinnu. Í byrjun mars fór einn starfsmaður á íslensku námskeið á vinnutíma sem var kennt aðra hvora viku til 1. júní og gekk það vel.

7.2 Innra mat Stjörnunnar

Markmið Stjörnunnar fyrir skólaárið sem er að líða var uppfyllt af næstum því öllu leiti, sem er skemmtilegt.

Við skiptum barnahópnum iðulega upp í minni hópa enda fundum við strax hvað börnunum leið mun betur í minni hópum. Gæðalestur og könnunarleikur fór fljótt af stað eða í lok september. Lubbastundir fóru fram í samveru með öllum börnunum. Við á Stjörnunni einblíndum á fyrstu 5 hljóðin og gekk það mjög vel.

Sjónrænt dagskipulag var strax sett upp en allir starfsmenn mættu vera duglegri að nota það. Við náðum ekki að uppfylla umbótarþáttinn um Blæ og ekki heldur punktinn um deildarfundir en við náðum þó nokkrum yfir veturinn. Einnig hafa deildastjórar fundið út hvaða tími hentar best og munum við nýta okkur það fyrir komandi vetur.

Þar sem deildarstjóri Stjörnunnar mun taka að sér deildarstjórastöðu á Lindinni (og öfugt) munum við vinna umbótaþættina í sameiningu.

UMBÓTARÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttuverkefnið Blær/ Jákvæður agi 	Efla sjálfstraust og félagsfærni barna. Að börnin viti hver Blær er og hvernig við getum notað hann.	Vera með litla hópa í Blæstundum.	Deildarstjóri og sá sem sér um Blæ.	Haut 2022	Vor 2023	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að læra að virða náungann. Að börnin læri á tilfinningar sínar og annarra.
Lubbi og TMT (tákn með tali) 	Nota TMT og Lubba í samverustundum. Að fara dýpra í Lubba og hvert málhljóð.	Nota táknin í daglegu tali. Hvetja kennara til að kynna sér rétt tákn og nota þau dags daglega. Stjarnan ætlar	Deildarstjóri og sá sem sér um Lubba.	Haut 2022	Vor 2023	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Fá börnin til að taka meiri þátt í samveru og til að efla málþroska barnanna og samskipti þeirra.

		að æfa sig í eftirfarandi hljóðum Lubba: a-m-b-n-d.					
Gæðalestur 	Að börnin fá gæðalestur í litlum hópum og einkalestur með kennara.	Kennarar skipta dögum á milli sín og taka litla hópa í einu (4-5 börn). Valdar verða bækur sem henta aldri barnanna.	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Haust 2022	Vor 2023	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Eykur áhuga barna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á bókaáhuga barnanna.
Sjónrænt dagskipulag	Taka upp sjónrænt dagskipulag strax um haustið og vinna með það yfir allan veturinn.	Búið er að gera dagskipulagið. Allir starfsmenn þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsins og nota það daglega.	Deildarstjóri og allir kennarar á deildinni.	Haust 2022	Vor 2023	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að börnin viti hvað er að gerast yfir daginn og verði öruggari í leikskólanum.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir.	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundum og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allir starfsmenn séu mættir eða ekki.	Deildarstjóri og Stjórn og Lindar.	Haust 2022	Vor 2023	Allir starfsmenn ræða saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs-umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðari starfsmenn.
Skýrari markmið	Hafa markmið næsta skólaárs sýnilegri.	Hafa umbótaáætlun sýnilega fyrir alla starfsmenn.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Farið reglulega yfir umbótaáætlun með starfsfólki deildarinnar yfir veturinn (jafnvel á deildarfundum) til þess að athuga hvort settum markmiðum sé ekki örugglega náð.	Umbótaáætlun á að vera lifandi skjal og eykur það öryggi starfsfólks að vita að hverju við stefnum á komandi skólaári.

8 Meistarar

8.1 Stutt greinagerð verkefnastjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári

Börnin sem eru á elsta ári eru á tveim deildum (Fjalli og Sól). Verkefnastjóri elstu barna fer á milli deilda og vinnur með börnunum inni á deildunum og í salnum. Elstu börnin í Geislabaugi köllum við Meistara. Haustið hjá Meisturum byrjaði vel, þar sem farnar voru lengri og styttri ferðir. Börnunum var boðið á sýningu í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Fóru á námskeiðið Hugrakkir krakkar í Húsdýragarðinum. Einnig var okkur boðið í Grasagarðinn að setja niður túlípána lauka sem við fylgdumst svo með stækka um vorið. Grasagarðurinn bauð okkur einnig til sín í aðventustund í desember. Allir Meistarar (Sól og Fjall) fóru saman í þessar ferðir.

Hver deild átti einn dag í viku þar sem farið var í gönguferðir í hverfinu. Lögð var áhersla á að kynnst öllu því sem hverfið okkar hefur upp á að bjóða.

Íþróttafélagið Fram er í samstarfi við leikskóla í Grafarholti og eru með æfingar einu sinni í viku fyrir elstu börnin. Foreldrar greiða gjald fyrir þessar æfingar. Meiri hluti barnanna nýtti sér þessar æfingar en þær voru í Sæmundarskóla alla föstudagsmorgna.

Í gegnum árin hefur verið gott samstarf á milli Geislabaugs, Sæmundarskóla og Ingunnarskóla. Að hausti eru skipulagðar skólaheimsóknir einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eru að fara í þá skóla. Þar fá börnin góðan undirbúning fyrir grunnskólagönguna, kynnst húsnaðinu, starfsfólkinu og menningunni í skólanum. Tveir nemendur fóru í heimsóknir í Dalskóla.

Öll elstu börnin fara í Meistarastarf einu sinni í viku. Þar eru þau að vinna bæði einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni. Einnig eiga þau verkefnabækur sem þau nota í þessum stundum.

Hvert barn fer einu sinni í viku í leikjastund í salnum. Þar eru sungin lög, málörvunarleikir og samvinnuverkefni eru leyst. Í lokin á öllum stundum er farið í hina ýmsu hreyfileiki. Bæði á haustin og vorin fá þau umferðafræðslu sem unnin er í samstarfi við umferðastofu.

Inni á deildum er spilað með börnunum spil sem reyna á alla þroska þætti þeirra.

Öll börn fara í Hljóm 2 að hausti. Þau börn sem fá heildarstig undir meðallagi hittast einu sinni í viku í 30-40 mínútur með kennara. Þau fara saman í verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Allt er gert í gegnum leik þannig að börnunum líði sem best og fái góða upplifun.

Myndlistaskóli Reykjavíkur var með námskeið fyrir öll elstu börnin á Korpúlfsstöðum. Farið var á tímabilinu 28. mars – 9. maí og fór hvert barn í sex tíma.



8.2 Innra mat frá verkefnastjóra elstu barna

Þetta er annar skólaveturinn sem þetta starf er. Gekk það mjög vel, bæði kennarar og börn ánægð með það. Þar sem börnin eru á tveim deildum þá kynnast þau betur og samvinnan verður meiri. Þetta er góður stuðningur fyrir báðar deildir, að einn kennari komi og sjái um ákveðnar stundir með elstu börnunum.

Allar ferðir utan hverfis gengu mjög vel og á öllum stöðunum var tekið vel á móti okkur. Við ætlum að halda áfram að vera opin fyrir öllum þeim heimsóknum sem okkur er boðið að koma í á næsta skólaári. Við sóttum um að taka þátt í námskeiði hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og fengum úthlutað hjá þeim, þær heimsóknir reyndust vel. Mikill lærdómur bæði fyrir kennara og börnin. Flottir fagmenn sem tóku á móti okkur.

Ferðir í hverfinu hafa verið nokkuð margar og skemmtilegar. Ekki náðist alltaf að fara einu sinni í viku í gönguferðir en margt skoðað og gert í þeim ferðum sem farnar voru. Börnin sem eru yngri nutu góðs af þessum ferðum og komu oft með í þær. Starfsfólk á deildunum hefur verið meðvitaðra um að nýta sér nærumhverfið og farið í gönguferðir.

Skemmtilegt samstarf við Íþróttafélagið Fram hefur verið í nokkur ár og gengið vel. Flest öll börnin tóku þátt annað hvort fyrir eða eftir áramót.

Skólaheimsóknir í grunnskólana hafa gengið vel og börnin alltaf spennt að heimsækja sína skóla. Var þínu erfitt fyrir áramót að fara í heimsóknir vegna fjöldatakmarkana út af covid-19 en náðist að vinna þær upp eftir áramótin.

Meistarastarf og leikjastund hafa gengið vel. Náðum að halda þessum stundum í hverri viku og unnum vel með börnunum. Í Meistarastarfi voru mörg verkefni unnin sem reyna á einbeitingu, úthald og sköpun. Það voru alltaf tveir kennarar í þessum stundum. Einn sem sá um að aðstoða þau í verkefabókum og annar með þeim í sköpun.

Í leikjastund var hópnum blandað vel saman frá báðum deildum. Það reyndist vel. Í þessum stundum nutu börnin sín vel og lærðu marga leiki og voru mjög áhugasöm. Börnin biðu með eftirvæntingu eftir þessum stundum og spurðu ósjaldan hvenær þau færu næst í leikjastund.

Hljóm 2 gekk vel. Tvö börn komu undir meðaltali, sérkennari þeirra tók stundir með þeim til að efla hljóðkerfisvitund og gekk það vel. Þau tóku bæði miklum framförum, börnin fengu það mörg stig að þau komust yfir meðaltal í seinni skimun.



9 Listasmiðja

9.1 Stutt greinargerð frá verkefnisstjóra í Listasmiðju

Skólaárið 2021-2022 var þriðja starfsár Listasmiðju í Geislabaugi. Eins og veturna á undan setti covid-19 strik í reikninginn og var Listasmiðjunni tímabundið breytt í kaffistofu. Á meðan leikskólinn var hólfaskiptur var Listasmiðjan færð inn á deildir þar sem ekki var hægt að blanda hópnum saman í rými. Þrátt fyrir ýmsa hnökra sem fylgja svona röskun á starfinu gekk vel að fylgja áætlun í Listasmiðju. Það er að hver deild náði að koma í Listasmiðjuna einu sinni í viku.

Á vormánuðum var lögð áhersla á að efla listasvæðin inni á hverri deild fyrir sig. Mikilvægt er að öll börn hafi aðgang að opnum og skapandi efnivið alla daga, ekki bara þá daga sem þau fara í Listasmiðju.

9.2 Innra mat frá verkefnisstjóra í Listasmiðju

Mjög misjafnt er hversu margir af deildinni ná að fara í Listasmiðju að hverju sinni. Fer það eftir gerð og umfangi verkefnisins. Listasmiðjan starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia og er því oft ómögulegt að áætla hversu langan tíma verkefnin taka eða hversu margir geta verið þar í einu. Eins er mikið lagt upp úr sjálfu sköpunarferlinu og reynt að hafa það að leiðarljósi í allri vinnu í smiðjunni.

Hvað varðar næsta skólaár þá hefur Listasmiðjukennarinn hug á að dýpka enn meira áherslur Reggio Emilia í listsköpuninni. Stefnt er að því að auka vald barnanna í vali á verkefnum, þ.e. að þau geti tekið stjórn og leitt verkefnin áfram eftir sínum áhuga og hugmyndum. Ef vinna á að því markmiði er mikilvægt að hlutverk kennarans í Listasmiðju sé skýrt. Hlutverk kennarans byggir á því að hlusta á börnin, skoða hvar áhugi þeirra liggur hverju sinni og fylgjast með leik þeirra. Mikilvægt er að í smiðjunni sé boðið upp á aðgengilegan og fjölbreyttan efnivið þannig að börnin fái tækifæri til þess að skapa á sínum eigin forsendum. Minni áhersla er lögð á endanlega útkomu og meiri á sjálft ferlið.



10 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	• Sérkennslustjóri bar yfirábyrgð á skipulagningu sérkennslunnar. Málefni hvers barns fyrir sig voru skipulögð og útfærð í samráði við stuðningsaðila hvers barns og deildarstjóra, en einnig eftir óskum foreldra. Fulltrúar Austurmiðstöðvar voru ráðgefandi eftir þörfum. • Gott foreldrasamstarf er okkur mikilvægt og reynum við að upplýsa foreldra reglulega um stöðu mála. Auk þess eru haldnir teymisfundir á 6-8 vikna fresti fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. • Mikil áhersla er lögð á að hvert og eitt barn, sem þarf á snemmtækri íhlutun af einhverjum toga að halda, fái einstaklingsmiðaða aðstoð við að vinna að sínum markmiðum. Sú aðstoð getur verið mjög ólík eftir börnum. • Við höldum áfram að vera svo heppin að hafa skemmtilegan og fjölbreyttan barnahóp og teljum við það vera forréttindi, bæði fyrir starfsfólkið og börnin í Geislabaugi. • Þegar þarfir einstaklinga eru svona fjölbreyttar reynir á hugmyndaflugið við að aðlagða umhverfið að öllum. Kennarar Geislabaugis hafa staðið sig með þrýði í þeirri hugmyndavinnu og útfærslu. • AEPS listinn hefur verið mikið notaður til að kortleggja stöðuna hjá barninu. Svo er unnin einstaklingsnámskrá, með niðurstöður listans í huga, sem og hvað sé í gangi í lífi barnsins hverju sinni. • Við erum búin að vera að sækja í okkur veðrið í notkun annars lista sem heitir ABLLS. Sá listi er rafrænn og sjáum við fyrir okkur að auka notkun hans enn frekar þar sem okkur líkar hann vel. • Skráningablöðin sem fylgja atferlisíhlutuninni hafa verið notuð fyrir öll börnin óháð því hvaða leið er farin í þjálfun. • Við prófuðum okkur áfram með málörvunarhópa hluta vetrar og gafst það vel. Fyrir utan það voru deildarstjórar með yfirábyrgð yfir málörvun sinna barna. Börn með stuðning fengu svo aukalega sínum þörfum mætt af stuðningsaðila í vinnustundum og í dags daglegu starfi.
--	--



Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	AEPS, ABLLS, HLJÓM-2, EFI-2, Íslenski máhljóðamælirinn, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, AHA-skráningar
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi, Blær, Orðagull, Orðaleikur, spil, púsl og forrit í ípad t.d. Bitsboard og Puppet pals. Núna í vor höfum við verið að nýta okkur gagnabankann í Widgit.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að ferðir?	Viðmið um árangur
Widgit	Nota Widgit til að búa til gagnabanka fyrir leikskólann. Deila gögnum með öðrum notendum líka.	Kenna stuðningsaðilum og deildarstjórum á Widgit. Það er mikill tíma-sparnaður í því að búa til skipulagðan gagnabanka. Myndrænt skipulag, félagsfærni-sögur, verkefni o.fl. Að sjálfsögðu þarf samt að aðlagða gögnin að hverju barni fyrir notkun.	Sérkennslu-stjórar	Haut 2022	Vor 2023		
Auka upplýsingaflæði til kennara	Auka upplýsingaflæði til kennara um þarfir hvers barns í snemmtækri íhlutun.	Allir kennarar deildarinnar/ sem að barninu koma, þurfa að vera meðvitaðir um þarfir tiltekins barns. Kynna breytingar á deildarfundum.	Sérkennslu-stjórar, deildarstjóri barns og stuðningsaðili.	Haut 2022	Vor 2023	Allir kennarar beðnir um að svara því hvort þeim finnst þeir nægilega upplýstir.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt, jan, mars.
Auka upplýsingaflæði til foreldra	Auka upplýsingaflæði til foreldra barna sem eru í	Hafa það skýrt að fullt aðgengi sé að sérkennslu-stjóra í	Sérkennslu-stjórar og deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Foreldrar tiltekinna barna spurðir hvort	Gengi og aðferðir að markmiði endur-

	snemmtækri íhlutun.	gegnum síma og tölvupóst. Hægt að bóka fundi ef vill. Láta foreldra alltaf vita ef utanað-komandi aðili er að koma að hitta barnið á leikskólatíma. Bjóða foreldrum að fá fundargerð eftir teymisfundi.				þeim finnst vanta uppá upplýsing aflæði.	metnar í okt, jan, mars.
Náttúruleg kennsla	Auka meðvitund allra kennara um náttúrulega kennslu.	Fá fræðslu frá RGR um náttúrulega kennslu á starfsdegi. Sérkennslustjóri talar um málefnið á deildarfundi hverrar deildar.	Sérkennslustjórar, deildarstjórar og stjórnendur	Óvíst			
Lausnarblað	Hefja notkun lausnarblaðsins á hverri deild.	Kynna skal lausnablaðið fyrir börnunum og kenna þeim að nýt sér þau. Lausnablaðið sýnir leiðir um hvernig sé gott að bregðast við vanlíðan og reiði. Fara þarf sérstaklega í hverja lausn. Íhuga að senda blaðið með heim til allra barnanna líka ef vilji er fyrir því hjá foreldrum.	Sérkennslustjórar og deildarstjórar	Haut 2022	Vor 2023	Ígrundun kennara.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt, jan, mars
Lágmarka óþarfa áreiti	Passa uppá að lágmarka óþarfa áreiti í umhverfi. Það	Allar deildir skulu vera með griðarstað. Bæði tjald/sam-	Sérkennslustjórar, deildarstjórar og stjórnendur	Haut 2022	Vor 2023	Ígrundun kennara.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í



	gagnast öllum börnum.	bærilegt fyrir einveru og horn með borð og stól þar sem hægt er að vinna ýmis verkefni án truflunar. Peltorar skulu vera öllum börnum aðgengilegir. Það þarf að kynna börnunum fyrir peltorunum og griðarstöðunum.					okt, jan, mars
Yfirhalning á sérkennslu-herbergi	Yfirhalning á sérkennslu-herbergi og gögnum.	Gera herbergið hentugra fyrir vinnustundir. Auka úrval hluta sem líklegir eru að virka sem styrkir í þjálfun.	Sérkennslu-stjórar og stjórnendur				
Hópar þvert á deildir	Hafa málörvunar-hópa og félagsfærni-hópa þvert á deildir.	Skipuleggja tíma-setningar, hver ber ábyrgð á að hóparnir hittist og stýri vinnunni í þeim. Passa að börnin í hópnum passi vel saman og að allir hafi gagn af.	Sérkennslu-stjórar og deildarstjórar sjá um skipulagningu og finna ábyrgðaraðila í starfsmanna-hópnum fyrir hvern hóp. Nýta áhugasvið starfsmanna. Ef færri gefst mun sérkennslu-stjóri vera með hópa líka.	Haust 2022	Vor 2023	Skráningar á hvenær hópar hittast og hvað var gert í hverjum tíma.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt, jan, mars
Auka viðveru sérkennslustjóra inni á deildum	Auka viðveru sérkennslustjóra inni á deildum og í beinum samskiptum við börnin sem hann hefur afskipti af.	Skipta verkefnum niður á skýrari hátt svo tækifæri séu fyrir sérkennslustjóra að eiga meiri lausan tíma til að	Sérkennslu-stjórar, deildarstjórar, stjórnendur.	Sept. 2022	Des. 2022	Skráningar. Viðmið um t.d. 5 tíma á viku inni á deildum.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt, jan, mars



		vera inni á deildum.					
Auka þekkingu	Auka þekkingu okkar á ABLLS færnimats-listanum.	Fara á námskeið þegar það mun bjóðast.	Sérkennslu-stjórar				

11 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Verkefnastjóri elstu barnanna tók um tíma börnin sem þurftu á sérstaklega mikilli málörvun að halda í málörvunarhópa. Börnunum var ráðað í hópa eftir því hvernig málörvun þau þurftu. Vegna veikindaleyfa starfsmanna var erfitt að sinna þessu nógu vel í vor. Deildarstjórar báru þá meginábyrgð á að málörvun væri sinnt í daglegu starfi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við höldum áfram að nota „Gefðu 10“ þar sem það hafði reynst vel á síðasta skólaári. Við fórum að nota þá aðferð á börn sem þurftu á auka málörvun að halda burt séð frá því hvort þau væru tvítyngd eða ekki. Við munum því halda þessari aðferð inni.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lesið er fyrir öll börn á hverjum degi bæði í hóp og fyrir einstaklinga. Samverustundir eru nýttar í allskonar leiki, samræður og söngva. Á sumum deildum er samverustundunum skipt upp og börn á svipuðum stað í málþroska höfð saman. Þannig eru allir með dagskrá við hæfi og því verið að mæta þeim þar sem þau eru og málörvun skipulögð eftir því. Orðaforðalisti MMS var notaður til að fara markvisst yfir orðflokkan. Hver mánuður átti sinn yfirflokk og var þá unnið sérstaklega með þau orð. Myndir af orðunum voru límdar á gólfin á göngunum. Börnunum þótti gaman að skoða þær og sýna foreldrum sínum. Orðin voru hengd upp í forstofunni svo að foreldrar vissu hvaða orð leikskólinn væri að leggja áherslu á hverju sinni.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Haustið '21 byrjuðum við að nota: Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Hæfnirammarnir skiptast í fjögur hæfnisvið: Tjáningarfærni, hlustunarskilning, hljóðkerfisvitund og læsi. Við ákváðum að leggja matið fyrir í sept., jan. og maí og fáum þá góða heildarmynd yfir stöðu

	barnsins. Ef framfarir eru hægar er snemmtæk íhlutun hafin í samráði við foreldra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í tvígang var hluti af starfsdegi notaður í fræðslu fyrir starfsmenn hvernig mætti koma almennri málörvun inn í daglegt starf. Starfsfólk er meðvitað um að t.d. matartíminn, fataklefinn og gönguferðirnar eru ekki minni mikilvægur vettvangur fyrir málörvun heldur en skipulagðar málörvunarstundir. Minni samveruhópar eru í sumum tilfellum notaðir til að gefa öllum færi á að tjá sig og fá aðlagða dagskrá. Fyrirmæli og hlustun er t.d. þjálfuð í gegnum allskonar leiki og áhuga barnanna fylgt til að fá sem mesta samvinnu.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Kortleggja framfarir	Kortleggja betur hvort framfarir hafi orðið í málþroska fjöltyngdra barna.	Halda áfram að nota hæfnimatsramma til að fá mælanlegar niðurstöður.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Haust 2022	Mars 2023	Hæfnimatsramminn lagður fyrir í sept., jan. og maí.	Hæfnimatsramminn hefur verið fylltur út í þrígang yfir skólaárið.
Kortleggja orðaforða	Kortleggja orðaforða hvers barns.	Nota grunnlínu orðaforðalista Miðju máls og læsis. Taka stöðuna í sept. og jan.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Sept. 2022	Janúar 2023	Grunnlína tekin í jan. og sept.	Grunnlínan hefur verið fyllt út í tvígang yfir skólaárið.
Fræðsla fyrir foreldra	Fræðsla	Þjóða uppá fyrirlestur um málörvun	Stjórnendur	-	-	-	-



		fyrir foreldra.					
Aukin samvinna við foreldra	Aukin samvinna við foreldra	Þjóða uppá að foreldrar fái heim myndir af grunn-orða-forða leikskóla barns þar sem heitin koma fram á íslensku og þeirra tungu-máli.	Sérkennslustjóri.	-	-	-	Meiri samvinna milli heimilis og leikskóla.

12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtölin voru tekin í formi örsamtala, þau voru flest tekin frá febrúar til maí. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu með sér samtölunum. Í ár voru áherslurnar á áskoranir í starfi og tækifæri, einnig var rætt um starfsánægju og framtíðaráform. Rík áhersla er lögð á góð og hrein samskipti og alltaf hægt að biðja um samtal ef svo ber undir. Símenntun var töluverð bæði rafræn og á staðnum. Á fyrsta starfsdegi vetrarins 17. september vorum við með kynningu á áherslum vetrarins, fórum yfir sérkennsluna og Jákvæðan aga. Rýndum í umhverfið okkar og einn leikskólakennarinn var með smá erindi um hvernig umhverfið sé þriðji kennarinn. Starfsdagarnir sem komu á eftir voru mest notaðir í innanhúsmál og að skerpa á því sem við erum að innleiða s.s. félagsfærni og sjálfsefingu. Svo einblíndum mikið á Jákvæðan aga. Þrír kennarar fóru á réttindanámskeið um Jákvæðan aga hjá Jónínu Hauksdóttur. Við fórum í vettvangsferð innanlands til Reykjanesbæjar þar sem við skoðuðum og fræddumst um tvo leikskóla. Það var Tjarnarsel sem kynnti okkur útinám barna og hvernig þau hafa tekið lóðina í gegn. Hinn var Skógarás sem leggur áherslu á heilsuefingu og kynnti okkur fyrir hreyfi- og íþróttastarfinu í skólanum. Þetta var nærandi og skemmtileg ferð og loksins gátum við farið saman út fyrir leikskólann og notið félagskapar í öðru umhverfi.

Aðstoðarleikskólastjóri sótti forystunámið hjá Reykjavíkurborg í vetur. Einn leikskólakennarinn sótti námskeið leiðsagnakennara sem haldið var af SFS. Deildarstjóri sótti TMT (tákn með tali) námskeið. Trúnaðarmaður Sameykis hefur farið á tvö trúnaðarmannanámskeið eða samtals í 4 daga. Sérkennarar fóru á atferlinámskeið. Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og sótti einnig

mörg námskeið. Voru það eftirfarandi námskeið sem haldin voru af Ráðgjafar- og greiningarstöð: TEACCH, náttúruleg kennsla, kennum nýja færni, atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik og í kjölfarið námskeiðið skráning og þjálfun. Einnig fór sérkennslustjóri nú nýleg á námskeið í notkun PECS þar sem við sjáum fram á að notkun þess sé að aukast hér hjá okkur í Geislabaugi.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnu í Hveragerði á vegum Nordisk förskola og fjallaði ráðstefnan um lýðræði, umhverfismenntun, sjálfsefningu, mannréttindi og jafnréttismál. Tveir kennarar tóku þátt í lærdómssamfélagi um læsi í leikskólanum.

13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfisskólar Geislabaugis og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi. Í fylgiskjali nr. 16.1 Skólaheimsóknir skólaárið 2021-2022 má sjá heimsóknir vetrarins.

Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Börnunum er ráðað í bekk og svo er sérstakur fundur er varða öll þau börn sem hafa verið með stuðningstíma.

14 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann og eru tveir fulltrúar í ráðinu. Æskilegt er að þeir séu þrír en einn hætti vegna flutnings. Þeir eru kosnir á aðalfundi sem haldinn er í október ár hvert. Foreldraráðið fer yfir ársáætlanir og gefur leikskólanum umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.

Foreldrafundir eru að hausti og oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári, í nóvember og apríl. Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans, sem er venjulega annað hvert ár. Foreldrafélagið vinnur einnig í samstarfi við skólann að sumarhátíðinni sem er í júní ár hvert og einnig hefur það séð um jólaföndur á hverju ári. Foreldrafélagið hefur einnig stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið hefur verið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.

15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2022-2023 verða sex í heildina. Þeir verða eftirtalda daga: 22. september, 14. október, 25. nóvember, 2. janúar, 20. mars og 19. maí.



Leikskólagatal 2022 - 2023

AUGUST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DEZEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MÄRS		APRIL		MAY		JUNE		JULY	
1. F	1. F	1. F	1. L	1. L	1. L	1. D	1. D	1. F	1. F	1. S	1. S	1. M	1. M	1. M	1. M	1. L	1. L	1. M	1. M	1. F	1. L	1. L	
2. D	2. F	2. F	2. S	2. S	2. M	2. M	2. F	2. F	2. F	2. M	2. M	2. F	2. F	2. F	2. F	2. S	2. S	2. D	2. D	2. F	2. S	2. S	
3. M	3. L	3. L	3. M	3. M	3. F	3. F	3. F	3. L	3. L	3. D	3. D	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. L	3. M	3. M	
4. F	4. S	4. S	4. D	4. D	4. F	4. F	4. F	4. S	4. S	4. M	4. M	4. L	4. L	4. L	4. L	4. D	4. D	4. F	4. F	4. S	4. D	4. D	
5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. L	5. L	5. L	5. M	5. M	5. F	5. F	5. S	5. S	5. S	5. S	5. M	5. M	5. F	5. F	5. M	5. M	5. M	
6. D	6. D	6. D	6. F	6. F	6. S	6. S	6. S	6. M	6. M	6. D	6. D	6. M	6. M	6. M	6. M	6. F	6. F	6. L	6. L	6. D	6. F	6. F	
7. L	7. M	7. M	7. F	7. F	7. M	7. M	7. M	7. L	7. L	7. L	7. L	7. D	7. D	7. D	7. D	7. S	7. S	7. S	7. S	7. M	7. F	7. F	
8. S	8. F	8. F	8. L	8. L	8. M	8. M	8. M	8. F	8. F	8. S	8. S	8. M	8. M	8. M	8. M	8. L	8. L	8. M	8. M	8. F	8. L	8. L	
9. D	9. F	9. F	9. S	9. S	9. M	9. M	9. M	9. F	9. F	9. M	9. M	9. F	9. F	9. F	9. F	9. S	9. S	9. D	9. D	9. F	9. S	9. S	
10. M	10. L	10. L	10. M	10. M	10. F	10. F	10. F	10. L	10. L	10. D	10. D	10. F	10. F	10. F	10. F	10. M	10. M	10. M	10. M	10. L	10. M	10. M	
11. F	11. S	11. S	11. D	11. D	11. F	11. F	11. F	11. S	11. S	11. M	11. M	11. L	11. L	11. L	11. L	11. F	11. F	11. D	11. D	11. S	11. D	11. D	
12. L	12. M	12. M	12. L	12. L	12. M	12. M	12. M	12. F	12. F	12. L	12. L	12. S	12. S	12. S	12. S	12. M	12. M	12. F	12. F	12. M	12. M	12. M	
13. D	13. D	13. D	13. F	13. F	13. S	13. S	13. S	13. M	13. M	13. F	13. F	13. M	13. M	13. M	13. M	13. F	13. F	13. L	13. L	13. D	13. F	13. F	
14. S	14. M	14. M	14. F	14. F	14. L	14. L	14. L	14. M	14. M	14. D	14. D	14. M	14. M	14. M	14. M	14. F	14. F	14. S	14. S	14. M	14. F	14. F	
15. M	15. F	15. F	15. L	15. L	15. D	15. D	15. D	15. F	15. F	15. S	15. S	15. M	15. M	15. M	15. M	15. L	15. L	15. M	15. M	15. F	15. D	15. L	
16. D	16. D	16. D	16. S	16. S	16. M	16. M	16. M	16. F	16. F	16. M	16. M	16. F	16. F	16. F	16. F	16. S	16. S	16. D	16. D	16. F	16. S	16. S	
17. L	17. L	17. L	17. M	17. M	17. F	17. F	17. F	17. L	17. L	17. D	17. D	17. M	17. M	17. M	17. M	17. L	17. L	17. L	17. L	17. M	17. D	17. M	
18. S	18. S	18. S	18. D	18. D	18. F	18. F	18. F	18. S	18. S	18. M	18. M	18. L	18. L	18. L	18. L	18. F	18. F	18. S	18. S	18. D	18. D	18. D	
19. F	19. F	19. F	19. M	19. M	19. L	19. L	19. L	19. M	19. M	19. F	19. F	19. S	19. S	19. S	19. S	19. M	19. M	19. F	19. F	19. M	19. M	19. M	
20. L	20. D	20. D	20. F	20. F	20. S	20. S	20. S	20. M	20. M	20. F	20. F	20. M	20. M	20. M	20. M	20. F	20. F	20. D	20. D	20. F	20. F	20. F	
21. S	21. M	21. M	21. F	21. F	21. L	21. L	21. L	21. M	21. M	21. D	21. D	21. M	21. M	21. M	21. M	21. S	21. S	21. L	21. L	21. M	21. F	21. F	
22. D	22. F	22. F	22. L	22. L	22. M	22. M	22. M	22. F	22. F	22. S	22. S	22. M	22. M	22. M	22. M	22. L	22. L	22. D	22. D	22. F	22. L	22. L	
23. M	23. F	23. F	23. S	23. S	23. M	23. M	23. M	23. F	23. F	23. M	23. M	23. L	23. L	23. L	23. L	23. F	23. F	23. D	23. D	23. F	23. S	23. S	
24. D	24. L	24. L	24. M	24. M	24. F	24. F	24. F	24. S	24. S	24. M	24. M	24. L	24. L	24. L	24. L	24. M	24. M	24. M	24. M	24. L	24. M	24. M	
25. F	25. F	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. M	25. F	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. M	25. M	25. F	25. F	25. D	25. D	25. S	25. D	25. D	
26. L	26. M	26. M	26. F	26. F	26. L	26. L	26. L	26. M	26. M	26. F	26. F	26. S	26. S	26. S	26. S	26. F	26. F	26. F	26. F	26. M	26. M	26. M	
27. D	27. D	27. D	27. F	27. F	27. S	27. S	27. S	27. M	27. M	27. F	27. F	27. M	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L	27. L	27. L	27. D	27. F	27. F	
28. M	28. M	28. M	28. L	28. L	28. M	28. M	28. M	28. F	28. F	28. S	28. S	28. M	28. M	28. M	28. M	28. F	28. F	28. S	28. S	28. M	28. F	28. F	
29. F	29. L	29. L	29. M	29. M	29. F	29. F	29. F	29. S	29. S	29. M	29. M	29. L	29. L	29. L	29. L	29. M	29. M	29. M	29. M	29. F	29. L	29. L	
30. D	30. F	30. F	30. S	30. S	30. M	30. M	30. M	30. F	30. F	30. S	30. S	30. M	30. M	30. M	30. M	30. F	30. F	30. D	30. D	30. F	30. F	30. S	
31. M	31. M	31. M	31. D	31. D	31. F	31. F	31. F	31. S	31. S	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L	31. M	31. M	31. M	31. M	31. D	31. M	31. M	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þnir þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfr dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækja ekki vegna þessa. Börn sem dvöla í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólaþjón ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldraráb viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða lokað samfellt. Íu til tuttugu virka daga. Stegna skóla- og fríundaskýfa er að hvernju hvern leikla skólaþjónundur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skólagæði við hagræðis við fólkskráir í Reykjavík.

16 Fylgiskjal 1

16.1 Skólaheimsóknir skólaárið 2021-2022

Sæmundarskóli

29. september – kennarar úr Geislabaugi, Reynisholti, Maríuborg og Elísabet út Sæmundarskóla hittast og skipuleggja dagskrá.

Heimsóknirnar eru á þriðjudögum milli klukkan 10:00-11:00. Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 2. bekkjar (sem er fyrsta svæðið þegar komið er niður tröppurnar).

Fyrsta heimsókn var fyrirhuguð í lok október en vegna covid-19 byrjuðu heimsóknirnar ekki fyrr en þann 8. febrúar. Þær áttu að vera á 4 vikna fresti en til þess að ná öllum sjö heimsóknunum urðu þær á þriggja vika fresti.

8. febrúar – Skólabarnið

22. febrúar – Skólataskan

8. mars – Nestisbox og brúsi

22. mars – Íþróttahús

5. apríl - Listgreinar/spjaldtölvur – borða í hádeginu

26. apríl – Hópur 1 – Heimsókn í Fjósið

10. maí – Hópur 1 – Vorskólahefti og viðurkenning

Ingunnarskóli

18. nóvember kl. 09:10 -09:50 - Íþróttatími

10. desember kl. 09:05 - Samvera

27. janúar kl.09:00 og fram að nesti ca. 09:35 - Heimsókn í tíma

3. febrúar kl. 09:00 - 09:40 - Bókasafn með bókasafn

30. mars kl.09:00 og fram að nesti ca. 09:35 - Heimsókn í tíma

Maí: borða í skólanum.

Maí: frístundaheimilið Stjörnuland heimsótt og foreldrar fengu kynningu á því starfi.

Dalskóli

Tveir nemendur fóru í klukkustunda heimsókn í Dalskóla í lok nóvember. Þar sem þeir skoðuðu skólann og frístundarheimilið. Fyrirhugaðar voru fleiri heimsóknir eftir áramót en þá kom í ljós að nemendurnir færu ekki í Dalskóla um haustið og því urðu ekki fleiri heimsóknir.



Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Geislabaugur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Margrét Viðarsdóttir
Ingibjörg Kolka Bjarnadóttir



17.1 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Geislabaugs 2022-2023

Umbótaáætlun Geislabaugs er skýr og raunsæ og mun skila enn betra starfsumhverfi fyrir starfsfólk og börn, takist að fylgja henni eftir. Síðasta skólaár var mikið álag á starfsfólkið bæði vegna covid-takmarkana og veikinda vegna covid. Foreldrar eru almennt á því að skólinn hafi staðið af sér þessar hremmingar af ótrúlegri seiglu og tekist að halda uppi metnaðarfullu skólastarfi þrátt fyrir þetta ástand. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að hlúa sérstaklega vel að öllu starfsfólki næsta skólaár og verður það leiðarstefið í ályktun okkar.

Í skýrslum allra deildarstjóra kemur fram að reynt hafi verið eftir megni að fylgja eftir stefnu skólans, einstökum verkefnum og þjálfun barna sem þurfa sérstakan stuðning en þetta hafi reynst erfitt af ýmsum ástæðum en einkum þó vegna erfiðra aðstæðna vegna covid. Nokkrar starfsmannabreytingar verða eftir þetta skólaár og þess vegna er mjög mikilvægt að huga vel að því að þjálfar nýja starfsmenn og setja þá inn í stefnu leikskólans. Gott væri að setja upp nákvæma áætlun um hvernig nýir starfsmenn verða settir inn í Reggio-stefnu skólans, jákvæðan aga og einstök verkefni eins og Blæ, Lubba og TMT. Eldri starfsmenn þurfa einnig á slíkri fræðslu að halda og ekki síður tækifæri til að ígrunda starf sitt og hvernig þessar uppeldisstefnur og verkefni geti orðið hluti af starfskenningu þeirra. Þetta gæti stuðlað að því að allt starfsfólk upplifi sig sem mikilvægan hlekk í metnaðarfullu starfi, um leið og það verður sjálfsöruggara í starfi.

Vettvangsferðir í aðra leikskóla hafa greinilega verið áhugaverðar og skemmtilegar fyrir starfsfólk og vonandi halda þær áfram næsta skólaár.

Mjög virðingarvert er að leyfa starfsfólki með annað móðurmál en íslensku að fara á íslenskunámskeið á vinnutíma og mikilvægt að það haldi áfram þar sem betri og auðveldari samskipti koma leikskólanum í heild til góða.

Mikil ánægja hefur verið á meðal deildarstjóra að njóta handleiðslu mannauðsráðgjafa Skóla- og frístundasviðs og virðist sú vinna hafa skilað sínu. Vonandi munu deildarstjórar njóta áfram stuðnings frá utanaðkomandi ráðgjafa næsta skólaár því auðvitað getur verið flókið að vinna við hliðina á og með undirmönnum sínum.

Endurmatsdagurinn virðist einnig hafa gefið góða raun, þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar, sérkennslustjóri og listasmiðjustjóri fóru í annað umhverfi og unnu saman og nýttu einnig daginn í hópefli. Því liggur beinast við að halda áfram með þetta fyrirkomulag.

Ánægjulegt er að sjá hvernig listasmiðjan hefur aðlagast covid-hólfaskiptingu í húsinu og haldið sínu striki inni á deildum og starfað áfram í anda Reggio-stefnunnar. Einnig verður áhugavert að sjá hvernig áframhaldandi notkun gróðurhússins muni nýtast börnunum á komandi starfsári í leik og námi.

Meistarastarfið er mjög metnaðarfullt, fjölbreytt og þroskandi og til þess fallið að efla börnin félagslega. Í ljósi óöryggis foreldra meistara næsta skólaárs væri ákjósanlegt að gefa foreldrum kost á að fylgjast með starfinu í gegnum fréttabréf og þess háttar.

Eins og fram kemur í skýrslunni á umbótaáætlun að vera lifandi skjal og það eykur öryggi starfsfólks að þekkja markmiðin sem sett hafa verið fyrir næsta skólaár. Því er stöðug fræðsla starfsfólks ákaflega mikilvæg og sömuleiðis að hlustað sé á ábendingar þess, eins og eitt markmiða með endurmatsdeginum hefur greinilega verið. Verkefnaskipting þarf sömuleiðis að vera skýr og ekki síður hver muni hlaupa í skarðið ef með þarf. Til dæmis ef



starfsmenn þurfa að vera frá í einhvern tíma, þannig að sérstök verkefni geti haldið áfram án þess eyður komi í þá vinnu.

Málörvun er þjálfun sem fer fram í öllu daglegu starfi og mjög gott hversu mikið hefur verið lagt í að fræða starfsmenn um almenna málörvun í daglegu starfi. Vonandi heldur sú fræðsla áfram næsta skólaár. Stungið er upp á að bjóða upp á fyrirlestur um málörvun fyrir foreldra og er það mjög góð hugmynd og ekki síður að foreldrar geti fengið heim myndir af grunnorðaforða leikskólabarns þar sem heitin koma fram á íslensku og þeirra tungumáli. Slíkt dregur úr hugsanlegri jaðarsetningu sem foreldrar í þessari stöðu geta orðið fyrir almennt í skólasamfélaginu.

Samstarf heimilis og skóla er ávallt af hinu góða og er til þess fallið að draga úr hugsanlegu óöryggi foreldra gagnvart einstökum þáttum í skólastarfinu. Deildarstjórar nefna að skráningar í ferilmöppu barna mættu vera fleiri yfir önnina og hægt sé að skrá sköpun hjá börnunum sem skila ekki endilega af sér afurð. Þessi skráning er dýrmæt bæði fyrir foreldra og nemendur.

Á liðandi starfsári var gerð sú breyting að aldursblandaðar deildir verði þrjár í stað tveggja eins og áður var. Sumir foreldrar fundu fyrir óöryggi tengdu þessum breytingum og er því mikilvægt að fylgjast með áhrifum og árangri þessara breytinga á komandi starfsári.

Á Geislabaugi er unnið metnaðarfullt og gott starf sem hefur alla möguleika til að verða enn betra á komandi starfsárum með vel skipulagðri umbótaáætlun.

F. h. leikskólans

Þóra Jóna Jónatansdóttir

6. júlí 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

